



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Beiðni um aukið framlag til Skóla Ísaks Jónssonar vegna reksturs leikskóladeildar fyrir fimm ára börn

Á fundi borgarráðs þann 4. október 2018, var lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 27. september 2018, sbr. samþykkt skóla- og frístundaráðs frá 25. september 2018 á tillögu um að gerðir verði þjónustusamningar við sjálfstætt rekna leikskóla í Reykjavík.

Með framangreindu var samþykkt að gerður yrði nýr samningur við Skóla Ísaks Jónssonar en frá árinu 2015 hefur skóla- og frístundasviði verið heimilt að greiða framlag vegna allt að 61 fimm ára reykvískra barna í leikskólahluta Skóla Ísaks Jónssonar.

Núgildandi samningur við Skóla Ísaks Jónssonar var undirritaður þann 31. janúar 2019, og gildir hann frá 1. október 2018 en litið er svo á að eldri samningur hafi gilt fram að þeim tíma. Þar er kveðið á um að heimilt sé að greiða framlag vegna sama fjölda og áður eða vegna 61 fimm ára barna.

Rekstrarleyfi vegna leikskóladeildar fyrir fimm ára börn nær til 80 barna.

Eftir afgreiðslu skóla- og frístundaráðs og borgarráðs en fyrir undirskrift nýs samnings óskaði Skóli Ísaks Jónssonar eftir að viðmið um barnafjölda yrði hækkað í 65 börn og að sá fjöldi myndi gilda frá 1. ágúst 2018, sjá meðfylgjandi tölvuskeyti dags. 20. desember 2018.

Kostnaður við fjölgun barna sem heimilt er að greiða framlag vegna úr 61 barni í 65 börn eru 6.248 þús. kr. á ársgrundvelli.

Kostnaður við fjölgun um 4 börn frá 1. maí – 31. des. 2019 er 3.976 þús.kr.